

Fyrirspurn

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um endurskoðun á samningi við Evrópusambandið um viðskipti með landbúnaðarvörur.

Frá Vilhjálmi Bjarnasyni.

1. Er hafin endurskoðun á samningi Íslands og Evrópusambandsins um viðskipti með landbúnaðarvörur sem tók gildi 1. mars 2007 og var gerður á grundvelli 19. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið?
2. Ef endurskoðun er hafin, hafa stjórnvöld sett sér sérstök viðmið í þeim viðræðum varðandi aukið frelsi í inn- og útflutningi á landbúnaðarvörum á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið?
3. Hefur ráðherra látið framkvæma greiningu á tollvernd landbúnaðarvara og ef svo er, hver er niðurstaða þeirrar greiningar?
4. Telur ráðherra ástæðu til að draga úr tollvernd vegna innflutnings á alifuglakjöti og svínakjöti?

Skriflegt svar óskast.